

Leiðbeiningar varðandi launagreiðendaskrá, sbr. lög nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Skylda til að tilkynna sig til launagreiðendaskrár skv. 7. gr. nær til þeirra sem inna af hendi eða reikna greiðslur sem teljast laun skv. 5. gr. laganna, en það er m.a. endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu sem innt er af hendi fyrir annan aðila, sem og endurgjald manns, maka hans eða barns vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, sjálfstæða starfsemi eða hjá lögaðila, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Undanþegið staðgreiðslu getur m.a. verið endurgjald sem maður skal reikna sér vegna starfs við sjálfstæða starfsemi sína ef starfsemin er svo óveruleg að reiknuð laun manns vegna hennar verði ekki hærrí, miðað við heilt ár, en 215.000 kr., sbr. reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Einstaklingar sem fylla út eyðublað RSK 5.02 vegna skráningar á virðisaukaskattsskrá og telja sig vera undir greindum fjárhæðarmörkum skulu gera vandlega grein fyrir því í liðnum *athugasemdir* á bls. 2. Gera þarf grein fyrir endurgjaldinu á skattframtali næsta árs.

Tilkynningu RSK 5.02 skal senda ríkisskattstjóra innan 8 daga áður en starfsemi hefst. Þegar launagreiðandi hættir launagreiðslum, skal innan 8 daga senda ríkisskattstjóra tilkynningu þess efnis á öðru eyðublaði, RSK 5.04 *Tilkynning um afskráningu*.

UM ÚTFYLLINGU TILKYNNINGAR 5.02:

Merkja skal við tegund rekstrarforms, einstaklingsrekstur (á kennitölu einstaklings), lögaðila eða protabú.

• **Liður A:** Skrá skal, eftir sem við á, dagsetningar varðandi nýskráningu, breytingu eða annað.

• **Liður B:** Skrá þarf vandlega upplýsingar um kennitölu rekstraraðila, lögheimili, símanúmer og tölvupóstfang og annað sem við á. Gæta þarf sérstaklega að ef um er að ræða einstaklingsfyrirtæki sem ekki er sjálfstæður skattaðili þá skal tilgreina kennitölu einstaklingsins sjálfs. Tölvupóstfang sem hér er tilgreint er síðan notað sem tenging varðandi rafræn skil á staðgreiðslu og stofnun veflykils við upphaf rekstrar. Þeir aðilar sem ekki hafa fengið úthlutað aðalveflykli er sendur veflykill eftir skráningu, í bréfaþósti á lögheimili rekstraraðila.

• **Liður D:** Skrá skal tegund starfsemi, það sem telst ein-kennandi fyrir viðkomandi starfsemi, og ef starfsemi er fjölbreytt þá skal tilgreind sú starfsemi sem aflar mestra tekna (mestar tekjurnar koma frá). Þá skal merkja við ef inna þarf af hendi launagreiðslur sem ekki tengjast eigin atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, en ber eigi að síður að tilkynna til launagreiðendaskrár.

Merkja skal við tegund starfseminnar út frá viðmiðunarflokki um samkvæmt reglum um reiknað endurgjald sem settar eru árlega við upphaf tekjuárs, skv. 3. másl. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003 og eru til viðmiðunar fyrir reiknað endurgjald fyrir vinnu manns, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða starfar á vegum sameignarfélags,

einkahlutafélags eða hlutafélags, eða á vegum tengdra félaga (dótturfélaga, hlutdeildarfélaga) þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar ef launatekjur af því starfi teljast vera lægri en hann hefði haft ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila. Viðmiðunarreglur þessar má finna á rsk.is undir *Atvinnurekstur - Staðgreiðsla og reiknað endurgjald - Reiknað endurgjald*.

• **Liður E:** Þegar um er að ræða rekstur lögaðila skal fylla út þennan lið varðandi áætlaða dagsetningu fyrstu launagreiðslu og áætlaðar launagreiðslur að meðaltali á mánuði. Sé um að ræða einstakling/einstaklinga með ráðandi stöðu skal fylla út nafn og kennitölu, % fyrir eignarhlutdeild og upplýsingar um viðmiðunarflokk og fjárhæð reiknaðs endurgjalds einstaklingsins.

• **Liður F:** Þegar um er að ræða rekstur einstaklings skal fylla út þennan lið varðandi viðmiðunarflokk og reiknað endurgjald **rekstraraðila** og/eða maka hans ef maki starfar við reksturinn og frá hvaða mánuði. Við ákvörðun reiknaðs endurgjalds skal höfð hliðsjón af lágmarksfjárhæðum samkvæmt viðmiðunarreglum. Samkvæmt 14. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda telst greiðslutímabil reiknaðs endurgjalds vera hver einstakur almanaxmánaður staðgreiðsluársins og laun hvers almanaxmánaðar ákvarðast sem tólfti hluti (1/12 hluti) árlegs reiknaðs endurgjalds sem reikna skal. Þá er innifalið í árlegu endurgjaldi orlofs- og veikindadagar, þannig að endurgjaldið jafnast yfir staðgreiðsluárið.

Gera skal grein fyrir launagreiðslum til annarra, skrá áætlaða dagsetningu fyrstu launagreiðslu og áætlaðar launagreiðslur á mánuði að meðaltali. Merkja skal sérstaklega ef engar launagreiðslur eru til annarra, þ.e. ef einungis er um reiknað endurgjald að ræða.

Hafa ber í huga að öllum sem reikna sér og/eða maka endurgjald ber að greiða iðgjald í lífeyrissjóð (launpegahluta og launagreiðendahluta) og tryggingagjald. Greiða skal tryggingagjald af öllum launagreiðendahlutanum, hvort sem um almennan (skyldu) lífeyrissjóð er að ræða eða viðbótarlífeyrissparnað. Tryggingagjald sem greitt er í staðgreiðslu veitir m.a. réttindi hjá Vinnumálastofnun og Fæðingarorlofsjóði. Þá skal tilgreint ef einhver önnur gögn fylgja varðandi reiknað endurgjald og/eða launagreiðslur, svo sem ef ekki er farið eftir viðmiðunarreglum varðandi flokka og lágmarksfjárhæðir.

• **Liður G:** Skrá skal í þennan lið þegar um er að ræða einstakling sem ekki starfar við eigin atvinnurekstur heldur sem launþegi erlends búsetts launagreiðanda eða sendiráðs en standa sjálfir skil á eigin staðgreiðslu.

• **Athugasemdir:** Hér skal setja þær athugasemdir sem ekki rúmast innan reita, eða t.d. rökstuðningur þess að reiknað endurgjald er ekki samkvæmt viðmiðunarreglum varðandi flokka og lágmarksfjárhæðir eða ef um tímabundinn rekstur er að ræða og þá hvaða tímabil.

Leiðbeiningar um útfyllingu á eyðublaði RSK 5.02.

Tilkynning inn á virðisaukaskattsskrá.

Merkja skal við tegund rekstrarforms, einstaklingsrekstur (á kennitölu einstaklings), lögaðila eða þrotabú.

Skattskyldur aðili skal tilkynna virðisaukaskattsskylda starfsemi sína til skráningar á VSK-skrá hjá ríkisskattstjóra eigi síðar en átta dögum áður en starfsemin hefst. Breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, þ.m.t. lok rekstrar, skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting átti sér stað.

Nái sala aðila á virðisaukaskattsskyldri vöru, vinnu eða þjónustu ekki 2.000.000 kr. á hverjum 12 mánuðum þá er hann undanþeginn skattskyldu skv. 3. tl. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Sá aðili þarf ekki að tilkynna sig á virðisaukaskattsskrá, er ekki með virðisaukaskattsnúmer og innheimtir þá ekki virðisaukaskatt.

• **Liður A:** Hér skal greina á milli þess hvort tilkynnt er um starfsemi nýstofnað fyrirtækis eða eldra fyrirtækis sem ekki hefur verið í rekstri um nokkurt skeið.

Nýskráning frá og með. Hér skal tilgreina hvenær starfsemi hefst. Starfsemi telst hefjast þegar gjöld byrja að myndast vegna starfseminnar, ekki þegar fyrstu tekjur verða af starfseminni.

Aðili, sem tímabundið hefur með höndum skattskylda starfsemi, getur fengið heimild ríkisskattstjóra til að nota sérstakt uppgjörstímabil sem tekur til þess tíma sem starfsemin varir. Tímabundin skráning getur skemmst verið ein vika og lengst tveir mánuðir.

Sé unnið fyrir einn eða fáa aðila þarf að gefa ítarlegar upplýsingar um starfssambandið til staðfestingar á því að um sjálfstæða starfsemi sé að ræða. Útfylla þarf sérstakt eyðublað vegna þessa (RSK 10.31 Könnun á starfssambandi, vegna tilkynningar til VSK-skrár og/eða til launagreiðendaskrár staðgreiðslu.)

• **Liður B:** Skrá þarf vandlega upplýsingar um kennitölu rekstraraðila, lögheimili, símanúmer og tölvupóstfang og annað sem við á. Gæta þarf sérstaklega að ef um er að ræða einstaklingsfyrirtæki sem ekki er sjálfstæður skattaðili, þá skal tilgreina kennitölu einstaklingsins sjálfs. Tölvupóstfang sem hér er tilgreint er síðan notað sem tenging varðandi rafræn skil á virðisaukaskatti og stofnun veflykils við upphaf rekstrar. Þeim aðilum sem ekki hafa fengið úthlutað aðalveflykli er sendur veflykill eftir skráningu, í bréfaþósti á lögheimili rekstraraðila. **Vakin er athygli á því að virðisaukaskattsskyldum aðilum er skylt að skila virðisaukaskattsskýrslu til ríkisskattstjóra á rafrænu formi.** Aðilar fá ekki sendar virðisaukaskattsskýrslur á pappírformi nema sérstaklega sé óskað eftir því við ríkisskattstjóra og rökstyðja þarf þá ósk um að fá sendar áritaðar virðisaukaskattsskýrslur á pappírformi.

Vinsamlegast athugið að skattskil einstaklingsfyrirtækis eru ávallt í nafni eiganda þess, þ.e. eigandinn er sjálfur rekstraraðilinn.

Gengur fyrirtækið undir öðru nafni en hinn formlegi rekstraraðili? Gangi rekstur undir öðru nafni eða nöfnum en nafni sjálfs rekstraraðilans skal tilgreina það nafn eða nöfn hér. Þetta getur t.d. átt við skráð einkafirma einstaklingsfyrirtækis. Þetta getur einnig átt við í öðrum tilvikum og má sem dæmi nefna rekstraraðilann Viðgerðir ehf. sem rekur tvö verkstæði sem ganga undir nöfnunum Felgan og Pústið. Nafn rekstraraðilans (Viðgerðir ehf.) færast undir nafn en nöfn rekstrareininganna (Felgan og Pústið) færast hér.

• **Liður C:** Veita skal nákvæmar upplýsingar um virðisaukaskattsskylda starfsemi fyrirtækisins og, ef um það er að ræða, starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Á sama hátt skal tilgreina hvaða virðisaukaskattsskyldu vöru, vinnu eða þjónustu fyrirtækið selur eða innir af hendi.

Heimilisfang starfsstöðvar. Hér skal tilgreina aðalstarfsstað fyrirtækisins þ.e. hvar starfsemin fer fram.

Í þessum staflíð á einnig að gera nákvæma grein fyrir rekstrarhorfum fyrirtækisins. Tilgreina skal hvenær búast má við að tekjur verði af hinni skattskyldu starfsemi (strax, á næstu mánuðum, eftir 12 mánuði eða síðar). Einnig skal áætla tekjur og gjöld af virðisaukaskattsskyldu starfseminni á fyrstu 12 mánuðum. Í þessu sambandi skal bent á að eigi skal skrá aðila á virðisaukaskattsskrá ef virðisauki er neikvæður, þ.e. ef samanlagðar tekjur af sölu virðisaukaskattsskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng. Sé virðisauki neikvæður vegna þess að langan tíma tekur að byggja upp starfsemina, sbr. t.d. álver eða málmleitarfyrirtæki, getur aðili þó átt rétt á skráningu skv. II. kafla reglugerðar nr. 515/1996.

Upplýsingar um tekjuskráningu. Hér skal tilgreina með hvaða hætti skráning sölu fer fram.

Yfirtaka á annarri starfsemi? Ekki má leggja virðisaukaskatt á sölu yfirtekens fyrirtækis/fyrirtækishluta, þ.e. á eignaryfirfærslu vörubirgða, véla og annarra rekstrarfjármuna þegar yfirfærslan á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess ef nýi eigandinn hefur með höndum skattskyldan rekstur, sbr. 4. mgr. 12. gr. VSK-laga.

Tilkynning inn á aðrar skrár. Bent skal á að þeir sem hafa með höndum vörugjaldsskylda starfsemi þurfa að tilkynna um það til ríkisskattstjóra á eyðublaði RSK 11.11, þeir sem hafa með höndum úrvinnslugjaldsskylda starfsemi tilkynna um starfsemi sína á eyðublaði RSK 10.80, þeir sem skattskyldir eru vegna sölu á raforku og heitu vatni tilkynna um starfsemi sína á eyðublaði RSK 10.50 og þeir sem skilaskyldir eru vegna staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum tilkynna um starfsemi sína á eyðublaði RSK 5.30.